


## STUÐLAR UM AFHENDINGU RAFORKU

Árin 2012-2021

13.12.2022





© 2022, EFLA verkfræðistofa hf

- Vinnslu efnis og frágang texta annaðist Kolbrún Reinholdsdóttir fyrir Verkfræðistofuna EFLU hf.

ISSN 1670-7567

ISBN 978-9935-9675-3-4

**SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ****SKJALALYKILL**

3350-003-SKY-005-V01

**SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI**

01 / 59

**VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA**

Ragnar Stefánsson, Landsnet

**VERKEFNISSTJÓRI – EFLA**

Kolbrún Reinholdsdóttir

**LYKILORÐ**

Ísland, raforkunotkun, gæði raforku

**STAÐA SKÝRSLU**

- Í vinnslu  
 Drög til yfirlstrar  
 Lokið

**DREIFING**

- Opin  
 Dreifing með leyfi verkkaupa  
 Trúnaðarmál

**TITILL SKÝRSLU**STUÐLAR UM AFHENDINGU RAFORKU  
Árin 2012-2021**VERKHEITI**

START, Gæði raforku

**VERKKAUPI**

START hópurinn

**HÖFUNDUR**

Kolbrún Reinholdsdóttir

**ÚTDRÁTTUR**

Í þessari skýrslu eru tilgreindir stuðlar um afhendingu raforku til notkunar hér á landi, auk þess sem gildi fyrir þessa stuðla síðustu 10 ár eru reiknuð fyrir Landsnet og stærstu dreifiveitur landsins.

**ÚTGÁFUSAGA**

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Kolbrún Reinholdsdóttir	16.11.22	Vilhjálmur Jónsson	29.11.22	Kolbrún Reinholdsdóttir	13.12.22

Lýsing

## SAMANTEKT

Í þessari skýrslu eru tilgreindir stuðlar um afhendingu raforku til notkunar hér á landi, auk þess sem gildi fyrir þessa stuðla síðustu tíu ár eru reiknuð fyrir Landsnet og stærstu dreifiveitur landsins. Stuðlarnir eru reiknaðir út frá upplýsingum í gagnagrunnum fyrirtækjanna um rekstrartruflanir sem byggðir eru upp í samræmi við skilgreiningar samstarfshóps rafveitna um þessa skráningu (START hópurinn). Þessir stuðlar ná einungis til fyrirvaralausra truflana, auk truflana í öðru kerfi, en ekki eru tekin með viðhaldstilvik. Truflanir í öðrum kerfum eru teknar saman sér í kafla 5.


Út frá tölunum í kafla 3 hér að aftan eru niðurstöðutölur um truflanir ársins 2021 bornar saman við meðaltöl síðasta áratugar og er niðurstaðan sýnd á mynd 1. Ef hlutfallið er yfir 100 er útkoma ársins 2021 lakari en meðaltalið en því er öfugt farið ef hlutfallið er undir 100.

Á því tímabili sem hér er tekið, hefur það breyst í skráningum að RARIK tók yfir kerfi Rafveitu Reyðarfjarðar í byrjun árs 2020, Rafveita Reyðarfjarðar hefur því verið tekin útúr töflum og myndum því ekki hafa verið truflanir þar síðustu ár.

Í þessari skýrslu hafa truflanir hjá Landsneti verið teknar eins og í Frammistöðuskýrslu Landsnets og truflanir sem verða hjá viðskiptavinum Landsnets og valda kerfisbilunum eru taldar með truflunum í öðrum kerfum.

Eins og fram kemur á myndinni hefur árið 2021 verið frekar slæmt hjá Veitum, RARIK í þéttbýli og HS veitum. Stuðlarnir hjá Norðurorku byggja á mjög fáum truflunum, svo hlutfallslegar breytingar geta verið verulegar á milli ára, en á síðasta ári voru stuðlarnir frekar háir. Hjá Landsneti, RARIK dreifbýli og Orkubúi Vestfjarða voru stuðlarnir lægri en undanfarin ár. Stuðlarnir TSF, TSN og FSN eru ekki reiknaðir fyrir Landsnet.

Skilgreiningar á þessum stuðlum er að finna í kafla 2 hér að aftan en í kafla 3 eru sýnd gildi stuðlana fyrir síðustu tíu ár.



**MYND 1** Samanburður á truflunum í raforkukerfi Landsnets og dreifiveitnanna árið 2021 við meðaltal árána 2012-2021 (árið 2021 í hlutfalli við meðaltalið)

## EFNISYFIRLIT

<b>SAMANTEKT</b>	<b>5</b>
<b>1 INNGANGUR</b>	<b>11</b>
<b>2 SKILGREINING STUÐLA</b>	<b>12</b>
2.1 Stuðull um rofið álag (Power Interruption Index):	12
2.2 Stuðull um skerta orkuafhendingu (Power Energy Curtailment index):	12
2.3 Stuðull um meðalskerðingu álags (Power Supply Average Curtailment Per Disturbance):	13
2.4 Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur:	13
2.5 Kerfismínútur (System minutes):	14
2.6 Fjöldi straumleysistilvika á notanda (System Average Interruption Frequency Index, SAIFI):	14
2.7 Tímalengd straumleysis á notanda (System Average Interruption Duration Index, SAIDI):	15
2.8 Tímalengd straumleysis á tilvik skerðingar (Customer Average Interruption Duration Index, CAIDI):	16
2.9 Áreiðanleikastuðull (Index of Reliability):	16
<b>3 RAUNGILDI STUÐLA VEGNA FYRIRVARLAUSRA TRUFLANA ÁRIN 2012-2021</b>	<b>18</b>
<b>4 RAUNGILDI STUÐLA VEGNA FYRIRVARLAUSRA TRUFLANA ÁRIN 2012-2021 SEM VARA LENGUR EN 3 MÍNÚTUR.</b>	<b>30</b>
<b>5 RAUNGILDI STUÐLA VEGNA TRUFLANA Í ÖÐRU KERFI ÁRIN 2012-2021.</b>	<b>43</b>
<b>6 RAUNGILDI STUÐLA VEGNA FYRIRVARLAUSRA TRUFLANA OG TRUFLANA Í ÖÐRU KERFI ÁRIÐ 2021.</b>	<b>47</b>
<b>7 TRUFLANIR GREINDAR NIÐUR Á EININGAR OG ORSAKIR.</b>	<b>51</b>
<b>7.1 Greining eftir einingum</b>	<b>51</b>
7.1.1 Háspenna	51
7.1.2 Lágspenna	53
<b>7.2 Greining eftir orsökum</b>	<b>54</b>
7.2.1 Háspenna	54
7.2.2 Lágspenna	56
<b>7.3 Greining eftir mánuðum</b>	<b>57</b>
7.3.1 Háspenna	58
7.3.2 Lágspenna	58
<b>8 HEIMILDASKRÁ</b>	<b>59</b>



## MYNDASKRÁ

<b>MYND 1</b>	Samanburður á truflunum í raforkukerfi Landsnets og dreifiveitnanna árið 2021 við meðaltal áráanna 2012-2021 (árið 2021 í hlutfalli við meðaltalið)	6
<b>MYND 2</b>	Stuðull um rofið álag, SRA, fyrir árin 2012-2021	18
<b>MYND 3</b>	Stuðull um skerta orkuafhendingu, SSO, fyrir árin 2012-2021	19
<b>MYND 4</b>	Stuðull um meðalskerðingu álags, SMA, fyrir árin 2012-2021	20
<b>MYND 5</b>	Stuðull um meðalskerðingu álags fyrir aðrar veitur en Landsnet, SMA, fyrir árin 2012-2021	21
<b>MYND 6</b>	Stuðull um meðallengd skerðingar, oft nefnt straumleysismínútur, SMS, fyrir árin 2012-2021	22
<b>MYND 7</b>	Stuðull um meðallengd skerðingar, oft nefnt straumleysismínútur, SMS, fyrir aðrar veitur en Orkubú Vestfjarða, RARIK dreifbýli og Landsnet, fyrir árin 2012-2021	22
<b>MYND 8</b>	Fjöldi skerðingartilvika árin 2012-2021 sem eru innan við 1 kerfismínúta.	24
<b>MYND 9</b>	Fjöldi skerðingartilvika árin 2012-2021 sem eru á bilinu 1 til 10 kerfismínútur.	24
<b>MYND 10</b>	Fjöldi skerðingartilvika árin 2012-2021 sem eru á bilinu 10 til 100 kerfismínútur.	25
<b>MYND 11</b>	Stuðull um fjölda straumleysistilvika á hvern notanda, FSN (SAIFI), árin 2012-2021.	26
<b>MYND 12</b>	Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda, TSN (SAIDI), árin 2012-2021	27
<b>MYND 13</b>	Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda, TSN (SAIDI), árin 2012-2021 í mínútum á notanda.	28
<b>MYND 14</b>	Stuðull um tímalengd straumleysis á hvert tilvik skerðingar, TSF (CAIDI), árin 2012-2021 (klst./tilvik).	29
<b>MYND 15</b>	Stuðull um rofið álag, SRA, árið 2021 skipt eftir því hvort truflanirnar vara styttra eða lengur en 3 mín. (MW/MW ár).	34
<b>MYND 16</b>	Heildarfjöldi skerðingartilvika árið 2021, sýndar eru annars vegar allar truflanir og hins vegar truflanir sem vara lengur en 3 mínútur.	34
<b>MYND 17</b>	Stuðull um fjölda straumleysistilvika á hvern notanda, FSN (SAIFI), árið 2021, fyrir allar truflanir og truflanir sem vara lengur en 3 mínútur.	35
<b>MYND 18</b>	Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda, TSN (SAIDI), árið 2021, fyrir allar truflanir og truflanir sem vara lengur en 3 mínútur.	35
<b>MYND 19</b>	Stuðull um tímalengd straumleysis á hvert tilvik, TSF (CAIDI), árið 2021, fyrir allar truflanir og truflanir sem vara lengur en 3 mínútur.	36
<b>MYND 20</b>	Stuðull um rofið álag, SRA, fyrir árin 2012-2021, fyrir truflanir sem vara lengur en 3 mínútur.	37
<b>MYND 21</b>	Stuðull um skerta orkuafhendingu, SSO, fyrir truflanir sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021.	38
<b>MYND 22</b>	Stuðull um meðalskerðingu álags, SMA, fyrir truflanir sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021.	38
<b>MYND 23</b>	Stuðull um meðalskerðingu álags, SMA, fyrir aðrar veitur en Landsnet, fyrir truflanir sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021.	39
<b>MYND 24</b>	Stuðull um meðallengd skerðingar, SMS, fyrir truflanir sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021.	39
<b>MYND 25</b>	Stuðull um meðallengd skerðingar, SMS, fyrir truflanir sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021, þegar Orkubú Vestfjarða og RARIK dreifbýli hafa verið tekin úr myndinni.	40
<b>MYND 26</b>	Fjöldi skerðingartilvika sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021 og eru innan við 1 kerfismínúta.	40
<b>MYND 27</b>	Stuðull um fjölda straumleysistilvika á hvern notanda, FSN (SAIFI), fyrir truflanartilvik sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021 (fjöldi/notanda).	41

<b>MYND 28</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda, TSN (SAIDI), fyrir truflanatilvik sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021 (klst./notanda)	41
<b>MYND 29</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvert tilvik skerðingar, TSF (CAIDI), fyrir truflanatilvik sem vara lengur en 3 mínútur árin 2012-2021 (klst./tilvik)	42
<b>MYND 30</b> Stuðull um rofið álag, SRA, árið 2021.	47
<b>MYND 31</b> Stuðull um skerta orkuafhendingu, SSO árið 2021.	48
<b>MYND 32</b> Stuðull um meðalskerðingu álags, SMA, fyrir árið 2021.	48
<b>MYND 33</b> Stuðull um meðallengd skerðingar, SMS, árið 2021.	49
<b>MYND 34</b> Stuðull um fjölda straumleysistilvika á hvern notanda, FSN (SAIFI), árið 2021 (fjöldi/notanda).	49
<b>MYND 35</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda, TSN (SAIDI) árið 2021 (klst./notanda).	50
<b>MYND 36</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvert tilvik skerðingar, TSF (CAIDI), fyrir árið 2021 (klst./tilvik).	50
<b>MYND 37</b> Fyrirvaralaugar truflanir á háspennu greindar eftir einingum.	51
<b>MYND 38</b> Fyrirvaralaugar truflanir á háspennu greindar eftir einingum og árum.	52
<b>MYND 39</b> Hlutfall fyrirvaralaugar truflanir á háspennu greindar eftir einingum 2017-2021	52
<b>MYND 40</b> Fyrirvaralaugar truflanir á lágspennu greindar eftir einingum.	53
<b>MYND 41</b> Fyrirvaralaugar truflanir á lágspennu greindar eftir einingum og árum.	53
<b>MYND 42</b> Hlutfall fyrirvaralaugar truflanir á lágspennu greindar eftir einingum 2017-2021	54
<b>MYND 43</b> Fyrirvaralaugar truflanir á háspennu greindar eftir orsökum.	54
<b>MYND 44</b> Fyrirvaralaugar truflanir á háspennu greindar eftir orsökum og árum.	55
<b>MYND 45</b> Hlutfall fyrirvaralaugar truflanir á háspennu greindar eftir orsökum 2017-2021	55
<b>MYND 46</b> Fyrirvaralaugar truflanir á lágspennu greindar eftir orsökum.	56
<b>MYND 47</b> Fyrirvaralaugar truflanir á lágspennu greindar eftir orsökum og árum.	56
<b>MYND 48</b> Hlutfall fyrirvaralaugar truflanir á lágspennu greindar eftir orsökum 2017-2021	57
<b>MYND 49</b> Meðalfjöldi truflana á háspennu árin 2017-2021 í hverjum mánuði.	58
<b>MYND 50</b> Meðalfjöldi truflana á lágspennu árin 2017-2021 í hverjum mánuði.	58

## TÖFLUSKRÁ

<b>TAFLA 1</b> Stuðull um rofið álag, SRA árin 2012-2021 (MW/MWár)	18
<b>TAFLA 2</b> Stuðull um skerta orkuafhendingu, SSO árin 2012-2021 (MWklst./MWár)	19
<b>TAFLA 3</b> Stuðull um meðalskerðingu álags, SMA árin 2012-2021 (MW/tilvik)	19
<b>TAFLA 4</b> Stuðull um meðallengd skerðingar, SMS, árin 2012-2021 (mín/ár)	21
<b>TAFLA 5</b> Fjöldi tilvika eftir alvarleika, tilvik flokkuð í fjóra flokka eftir kerfismínútum (0: < 1 KM/1: <10 KM/2: <100KM/ 3: <1000 KM)	23
<b>TAFLA 6</b> Stuðull um fjölda straumleysistilvika á hvern notanda, FSN (SAIFI), árin 2012-2021 (fjöldi/notanda)	25
<b>TAFLA 7</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda, TSN (SAIDI), árin 2012-2021 (klst./notanda)	26
<b>TAFLA 8</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda, TSN (SAIDI), árin 2012-2021 (mínútur/notanda)	27

<b>TAFLA 9</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvert tilvik skerðingar, TSF (CAIDI), árin 2012-2021 (klst./tilvik)	28
<b>TAFLA 10</b> Áreiðanleikastuðull (byggður á SMS) árin 2012-2021 (%)	29
<b>TAFLA 11</b> Stuðull um rofið álag, SRA, árin 2017-2021 (MW/MW ár). Fyrir allar trúflanir og svo samanburð á trúflunum sem vara lengur en 3 mín og þeim sem eru styttri en 3 mín.	30
<b>TAFLA 12</b> Stuðull um skerta orkuafhendingu, SSO, árin 2017-2021 (MWklst./MW ár). Fyrir allar trúflanir og svo samanburð á trúflunum sem vara lengur en 3 mín og þeim sem eru styttri en 3 mín.	30
<b>TAFLA 13</b> Stuðull um meðalskerðingu álags, SMA, árin 2017-2021 (MW/tilvik). Fyrir allar trúflanir og svo samanburð á trúflunum sem vara lengur en 3 mín og þeim sem eru styttri en 3 mín.	31
<b>TAFLA 14</b> Stuðull um meðallengd skerðingar, SMS, árin 2017-2021 (mín/ár). Fyrir allar trúflanir og trúflanir sem eru lengri en 3 mín.	31
<b>TAFLA 15</b> Fjöldi tilvika eftir alvarleika, tilvik flokkuð í fjóra flokka eftir kerfismínútum (0: <1 KM; 1: <10 KM; 2: <100 KM; 3: <1000 KM) árin 2016-2021	32
<b>TAFLA 16</b> Stuðull um fjölda straumleysisstílvika á hvern notanda, FSN (SAIFI), árin 2017-2021 (fjöldi/notanda). Fyrir allar trúflanir og trúflanir sem eru lengri en 3 mín.	32
<b>TAFLA 17</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda, TSN (SAIDI), árin 2017-2021 (klst./notanda). Fyrir allar trúflanir og trúflanir sem eru lengri en 3 mín.	33
<b>TAFLA 18</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvert tilvik skerðingar, TSF (CAIDI), árin 2017-2021 (klst./tilvik). Fyrir allar trúflanir og fyrir trúflanir sem vara lengur en 3 mín.	33
<b>TAFLA 19</b> Áreiðanleikastuðull (byggður á SMS), árin 2012-2021 (%), fyrir trúflanir sem vara lengur en 3 mín.	33
<b>TAFLA 20</b> Stuðull um rofið álag fyrir trúflanir í öðru kerfi, SRA árin 2012-2021 (MW/MWár)	43
<b>TAFLA 21</b> Stuðull um skerta orkuafhendingu fyrir trúflanir í öðru kerfi, SSO árin 2012-2021 (MW klst./MWár)	44
<b>TAFLA 22</b> Stuðull um meðalskerðingu álags fyrir trúflanir í öðru kerfi, SMA árin 2012-2021 (MW/tilvik)	44
<b>TAFLA 23</b> Stuðull um meðallengd skerðingar fyrir trúflanir í öðru kerfi, SMS árin 2012-2021 (mín/ár)	44
<b>TAFLA 24</b> Fjöldi tilvika eftir alvarleika fyrir trúflanir í öðru kerfi, tilvik flokkuð í fjóra flokka eftir kerfismínútum (0: <1 KM; 1: <10 KM; 2: <100 KM; 3: <1000 KM)	45
<b>TAFLA 25</b> Stuðull um fjölda straumleysisstílvika á hvern notanda fyrir trúflanir í öðru kerfi, FSN (SAIFI), árin 2012-2021 (fjöldi/notanda)	45
<b>TAFLA 26</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvern notanda fyrir trúflanir í öðru kerfi, TSN (SAIDI), árin 2012-2021 (klst./notanda)	46
<b>TAFLA 27</b> Stuðull um tímalengd straumleysis á hvert tilvik skerðingar, fyrir trúflanir í öðru kerfi, TSF (CAIDI), árin 2012-2021 (klst./tilvik)	46
<b>TAFLA 28</b> Áreiðanleikastuðull (byggður á SMS) fyrir trúflanir í öðru kerfi, árin 2012-2021 (%)	46

## 1 INNGANGUR

Ýmsir stuðlar hafa verið notaðir til að meta gæði afhendingar raforku og byggja þeir á góðri gagnasöfnun eins og Starfshópur um rekstrartruflanir (START) hefur komið á [1] en þar er um að ræða samstarfshóp fyrirtækja á sviði flutnings og dreifingar raforku hér á landi. Sumir stuðlar eiga oft á tíðum einungis við um hluta kerfisins en æskilegt er að nota stuðla sem henta öllum fyrirtækjum í hópnum þó svo að einstök fyrirtæki noti einnig stuðla sem henta sérstaklega þeirra aðstæðum.

START hópurinn hafði áhuga á að nota stuðla til að meta afhendingaröryggi og ákvað hópurinn því árið 1998 að vinna sameiginlega að því að skilgreina stuðla um afhendingu raforku til notkunar hér á landi. Auk þess hefur Orkustofnun, sem eftirlitsaðili við flutning og dreifingu raforku, tekið upp nokkra af þessum stuðlum í eftirliti með gæðum raforku og þurfa veiturnar að senda stofnuninni þessa stuðla á hverju ári og setja sér markmið varðandi nokkra þeirra. Í þessari skýrslu eru teknar saman upplýsingar um stuðla sem START hópurinn hefur ákveðið að nota auk þess sem gildi þeirra eru reiknuð fyrir fyrirtækin í START hópnum út frá rauntölum síðustu tíu ára.

START hópurinn setti fyrst fram tillögu að stuðlum á árinu 1998 og síðan þá hafa stuðlarnir þróast í þá mynd sem hér kemur fram og hópurinn telur nú að séu heppilegustu stuðlarnir til að miða við. Árlega hefur þessi samantekt verið endurskoðuð og bætt við nýju gagnaári og hefur drögum að skýrslum verið dreift innan hópsins. Nú er þessi skýrsla birt opinberlega á vef hópsins ([www.truflun.is](http://www.truflun.is)) í ellefta sinn og nær hún nú til tímabilsins 2012-2021 en síðasta skýrsla fjallaði um árin 2012-2021.

Eftirtaldir eiga nú sæti í START hópnum:

HS Veitur:	Egill Sigmundsson
Landsnet:	Ragnar Stefánsson, formaður
Orkubú Vestfjarða:	Ragnar Emilsson
Orkustofnun:	Rán Jónsdóttir
Veitur:	Benedikt Einarsson
RARIK:	Gísli Þór Ólafsson
Norðurorka:	Baldur Hólm
Starfsmaður hópsins:	Ingvar Júlíus Baldursson, EFLA Verkfræðistofu.

Samantekt þessi er unnin af Kolbrúnu Reinholdsdóttur hjá EFLU Verkfræðistofu.

## 2 SKILGREINING STUÐLA

Hér verða teknar saman upplýsingar um helstu stuðla sem notaðir hafa verið til að meta gæði afhendingar raforku hjá rafveitum. Miðað er við stuðla sem bæði geta hentað flutningsfyrirtækjum og dreifiveitum. Byggt er á upplýsingum frá IEEE [4], [5] og CEA í Kanada [6]. Eftirfarandi eru helstu stuðlar sem hér um ræðir:

### 2.1 Stuðull um rofið álag (Power Interruption Index):

Þessi stuðull er hlutfall samanlagðrar aflskerðingar og mesta álags á kerfið. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$SRA = \frac{\sum P_i}{P_{max}} \text{ [MW/MW ár]}$$

Þar sem:

$P_i$ : Aflskerðing, MW, í skerðingartilviki  $i$ .

$P_{max}$ : Hámarksálag á raforkukerfið hjá notendum, MW.

Tillaga að notkun hér á landi:

$P_{max}$ : Klukkustundar hámarksálag orkuöflunar veitu, MW.

Þessi stuðull sýnir hve skerðing hefur verið mikil út frá heildarafli og gildi stuðulsins jafngildir því að mesta afl ársins hefði dottið út þetta oft. Þessi stuðull segir ekki til um lengd einstakra tilvika og gefur því ekki nógu góða mynd af heildaráhrifum á notendur. Þessi stuðull gefur þó til kynna hve alvarlegar skerðingarnar hafa verið.

Þar sem miðað er við afl hjá notendum getur verið að ekki séu til mæld gildi um heildaraflið á mesta álagstíma. Því er hér lagt til að notað sé heildarafli vegna orkuöflunar sem er þá heldur hærra en aflið hjá notendum vegna tapa og að miðað sé við meðalafli klukkustundar.

### 2.2 Stuðull um skerta orkuafhendingu (Power Energy Curtailment index):

Þessi stuðull er hlutfall orkuskerðingar ef afl hefði verið óbreytt allan skerðingartímann og heildarafls á kerfið. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$SSO = \frac{\sum T_i \cdot P_i}{P_{max}} \text{ [MW klst./MW ár]}$$

Þar sem:

$P_i$ : Aflskerðing, MW, í skerðingartilviki  $i$ .

$T_i$ : Lengd skerðingar, klukkustundir.

$P_{max}$ : Hámarksálag á raforkukerfið hjá notendum, MW.

Tillaga að notkun hér á landi:

$P_{max}$  : Klukkustundar hámarksálag orkuöflunar veitu, MW.

Ef allar skerðingar ættu sér stað á hámarksálagstíma væri þetta gróft mat á því hve lengi skerðing hefði varað og gefur því til kynna hve alvarleg skerðingin hefur verið fyrir notendur. Einnig hér er lagt til að miðað sé við klukkustundar heildarafl á mesta álagstíma vegna orkuöflunar í stað afsl hjá notendum.

### 2.3 Stuðull um meðalskerðingu álags (Power Supply Average Curtailment Per Disturbance):

Hér er um að ræða meðalaflskerðingu á truflun. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$SMA = \frac{\sum P_i}{N} \text{ [MW/Truflun]}$$

Þar sem:

$P_i$  : Aflskerðing, MW, í truflun  $i$  (skýrslu).

$N$  : Fjöldi truflana (skýrslna)

Þessi jafna sýnir meðalafll hverjar skerðingar en þar sem ekki er skalað með heildarafli gefa þær ekki til kynna hve alvarlegar þær eru fyrir kerfið í heild og hafa þarf það í huga við samanburð á milli kerfa. Hér er miðað við að  $N$  sé fjöldi skýrslna en einnig væri hægt að miða við fjölda skráðra skerðinga þar sem skerðing er oft greind niður á viðskiptavini í einstökum skýrslum.

### 2.4 Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur:

Þessi stuðull metur hve lengi skerðing hefur staðið út frá orkuskerðingunni og heildarorkusölu. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$SMS = \frac{\sum E_i}{E_{alls}} \cdot 8760 \cdot 60 \text{ [Mínútur/ár]}$$

Þar sem:

$E_i$  : Orkuskerðing, MWh, í truflun  $i$ .

$E_{alls}$  : Heildarorkusala til notenda.

8760: Fjöldi klukkustunda í ári (8784 í hlaupári).

60: Fjöldi mínútna í klukkustund.

Þessi stuðull gefur góða mynd af því hve lengi straumleysi hefur varað á árinu að meðaltali. Þessi stuðull er nátengdur SSO stuðlinum en ætti að gefa betri mynd af meðallengd skerðingar. Hlutfallið á milli þessara stuðla á að vera mjög nálægt nýtingarstuðli álagsins.

## 2.5 Kerfismínútur (System minutes):

Þessi stuðull gefur til kynna hve alvarlegt einstakt tilvik er. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$KM = \frac{E}{P_{max}} \quad [\text{Mínútur}]$$

Þar sem:

E : Orkuskerðing í einstakri truflun (skýrslu).

$P_{max}$  : Hámarksálag á raforkukerfið hjá notendum, MW.

Tillaga að notkun hér á landi:

$P_{max}$  : Klukkustundar hámarksálag orkuöflunar veitu, MW.

Alvarleiki tilvika er síðan flokkaður eftir þessum stuðli og eru tilvik af

- gráðu 0 undir 1 mínútu
- gráðu 1 undir 10 mínútum
- gráðu 2 undir 100 mínútum
- gráðu 3 undir 1.000 mínútum

Hér þarf að gæta þess að E sé heildarkerðing í truflun en ekki skerðing til einstakra viðskiptavina. Einnig hér er lagt til að miðað sé við klukkustundar heildarafl á mesta álagstíma vegna orkuöflunar í stað afls hjá notendum.

## 2.6 Fjöldi straumleysistilvika á notanda (System Average Interruption Frequency Index, SAIFI):

Þessi stuðull sýnir meðalfjölda truflana á notanda. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$FSN = \frac{\sum J_i}{M} \quad [\text{Fjöldi truflana/notanda*ári}]$$

Þar sem þættir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt fyrir dreifiveitur:

$J_i$  : Fjöldi notenda sem verða fyrir skerðingu í truflun  $i$ . Reikna má fjöldann út frá skertu álagi og meðalálagi notenda sem fæst út frá orkusölu og fjölda mæla

$M$  : Fjöldi notenda sem er jafn fjölda mæla (veitna).

Þar sem þættir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt fyrir Landsnet:

$J_i$  : Veginn fjöldi stöðva sem verða fyrir skerðingu í truflun  $i$ . Vægið er í flestum tilvikum 1 en ræðst af fjölda viðskiptavina sem tengdir eru stöðinni.

$M$  : Veginn heildarfjöldi stöðva.

Út frá þessum skilgreiningum má einnig reikna stuðulinn á eftirfarandi hátt fyrir dreifiveitur:

$$FSN = \frac{\sum P_i \cdot 8760}{E_{alls}} \quad [\text{Fjöldi truflana/notanda/ári}]$$

Þar sem:

- $P_i$ : Aflskerðing, MW, í skerðingartilviki  $i$ .  
 $E_{alls}$ : Heildarorkusala til notenda.  
 8760: Fjöldi klukkustunda í ári (8784 í hlaupári).

Einnig er miðað við eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) Ef margar skerðingar eru hjá sama notanda en slíkt flokkað sem ein skerðing hjá Landsneti en allar skerðingar eru taldar hjá dreifiveitum.

Galli við þennan stuðul er að misstórir notendur vega jafn þungt. Einnig er erfitt að fá upplýsingar um fjölda notenda fyrir dreifiveiturnar og óljóst hvernig á að meta hann. Er það fjöldi veitna eða fjöldi kennitalna? Auk þess sem fjöldi notenda sem verða fyrir skerðingu er yfirleitt ekki skráður.

## 2.7 Tímalengd straumleysis á notanda (System Average Interruption Duration Index, SAIDI):

Um er að ræða meðallengd straumleysis á heildarfjölda notenda. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$TSN = \frac{\sum \sum T_{ij}}{M} \quad [\text{klst./notanda*ári}]$$

Þar sem þættir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt fyrir dreifiveitur:

- $T_{ij}$ : Tímalengd straumleysis, klukkustundir, í truflun  $i$  hjá notanda  $j$ .  
 Tímalengd í skráðri skerðingu er margfölduð með fjölda notenda og má reikna fjöldann út frá skertu álagi og meðalálagi notenda sem fæst út frá orkusölu og fjölda mæla  
 $M$ : Fjöldi notenda sem er jafn fjölda mæla (veitna).

Þar sem þættir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt fyrir Landsnet:

- $T_{ij}$ : Tímalengd straumleysis, klukkustundir, í truflun  $i$  frá stöð  $j$ . Skráð er skerðing á hvern viðskiptavin í hverri stöð svo tímalengdin er lögð saman.  
 $M$ : Veginn heildarfjöldi stöðva.

Út frá þessum skilgreiningum má einnig reikna stuðulinn á eftirfarandi hátt fyrir dreifiveitur:

$$TNS = \frac{\sum T_i \cdot P_i \cdot 8760}{E_{alls}} \quad [\text{klst./notanda*ári}]$$

Þar sem:

- $P_i$ : Aflskerðing, MW, í skerðingartilviki  $i$ .  
 $T_i$ : Lengd skerðingar, klukkustundir.



$E_{\text{alls}}$  : Heildarorkusala til notenda.

8760: Fjöldi klukkustunda í ári (8784 í hlaupári).

Einnig er miðað við eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) Ef margar skerðingar eru hjá sama notanda en slíkt flokkað sem ein skerðing hjá Landsneti en allar skerðingar eru taldar hjá dreifiveitum.

Sami gallinn er hér og varðandi FSN þar sem misstór tilvik vega jafn þungt.

## 2.8 Tímalengd straumleysis á tilvik skerðingar (Customer Average Interruption Duration Index, CAIDI):

Hér er horft á einstök skerðingartilvik og skoðuð meðallengd þeirra. Eftirfarandi jafna gildir um þennan stuðul:

$$TSF = \frac{\sum \sum T_{ij}}{\sum J_i} = \frac{TSN}{TFN} \text{ [klst./tilvik*ári]}$$

Þar sem þættir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt fyrir dreifiveitur:

$T_{ij}$  : Tímalengd straumleysis, klukkustundir, í truflun  $i$  hjá notanda  $j$ . Tímalengd í skráðri skerðingu er margfölduð með fjölda notenda og má reikna fjöldann út frá skertu álagi og meðalálagi.

$J_i$  : Fjöldi notenda sem verða fyrir skerðingu í truflun  $i$ . Reikna má fjöldann út frá skertu álagi og meðalálagi notenda sem fæst út frá orkusölu og fjölda mæla.

Þar sem þættir eru skilgreindir á eftirfarandi hátt fyrir Landsnet:

$T_{ij}$  : Tímalengd straumleysis, klukkustundir, í truflun  $i$  frá stöð  $j$ . Skráð er skerðing á hvern viðskiptavin í hverri stöð svo tímalengdin er lögð saman.

$J_i$  : Fjöldi notenda sem verða fyrir skerðingu í truflun  $i$ . Reikna má fjöldann út frá skertu álagi og meðalálagi notenda sem fæst út frá orkusölu og fjölda mæla.

Einnig er miðað við eftirfarandi skilgreiningar:

- 1) Ef margar skerðingar eru hjá sama notanda en slíkt flokkað sem ein skerðing hjá Landsneti en allar skerðingar eru taldar hjá dreifiveitum.

Hér er einnig sami gallinn og í síðustu tveim stuðul sem greint var frá hér að ofan.

## 2.9 Áreiðanleikastuðull (Index of Reliability):

Þessi stuðull er mismunandi eftir því hvernig skerðingartími er skilgreindur en almenn jafna er eftirfarandi:

$$AS = \frac{8760 - \text{lengd straumleysis}}{8760}$$

Þar sem:

8760: Fjöldi klukkustunda í ári (8784 í hlaupári).

Lengd straumleysis getur verið reiknuð á tvo vegu sbr. skilgreiningar hér að framan (SMS, TSN).  
Hér er lagt til að nota SMS í samræmi við að Orkustofnun notar þann stuðull í þessari jöfnu.

Einnig eru til stuðlar þar sem einungis er verið að horfa á einstaka afhendingarstaði en ekki verður fjallað sérstaklega um þá hér. Eins og áður er komið fram er vandamál við að fá upplýsingar fyrir FSN, TSN og TSF stuðlana (stuðlar frá Kanada) og því eru fyrri stuðlarnir sem hér er fjallað um þægilegri í notkun. Með þeirri nálgun á þessum stuðlum sem skilgreind er hér að framan verða þessir stuðlar álíka þægilegir í útreikningi og aðrir stuðlar. Ef viðskiptavinir nota mismikla orku geta þessir stuðlar einnig verið misvísandi þar sem litlir viðskiptavinir vega jafn þungt og þeir stóru. Landsnet er hætt að nota þessa þrjá stuðla og Orkustofnun gerir ekki kröfu um að þeir séu reiknaðir fyrir þeirra kerfi en dreifiveitur eiga að skila þeim inn til stofnunarinnar.


### 3 RAUNGILDI STUÐLA VEGNA FYRIRVARLAUSRA TRUFLANA ÁRIN 2012-2021

Hér verða tekin saman gildi stuðlanna sem skilgreindir eru hér að framan fyrir veiturnar í START hópnum og þá einungis horft á fyrirvaralausar truflanir. Byggt er á gögnum árána 2012 til 2021 um fyrirvaralausar truflanir auk upplýsinga frá orkuspárnefnd um álag á raforkukerfið og raforkusölu [7]. Niðurstöður þessara reikninga eru sýndar í töflum 1 til 100 og myndum 2 til 14. Í öllum tilvikum er horft á fyrirvaralausar truflanir (EF) og því koma ekki fram, hjá einstaka veitum, áhrif truflana í kerfi annarra veitna né viðhaldstilvik.

**TAFLA 1** Stuðull um rofið álag, SRA árin 2012-2021 (MW/MWár)

VEITA	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Landsnet	0,71	0,44	0,75	0,54	0,30	0,74	0,09	0,28	0,21	0,09
RARIK	0,81	0,43	0,76	0,70	0,47	0,44	0,46	0,51	0,56	0,56
RARIK þéttibýli	0,28	0,18	0,37	0,31	0,19	0,20	0,28	0,31	0,24	0,40
RARIK dreifbýli	1,46	0,84	1,43	1,46	0,89	0,87	0,77	0,83	1,10	0,80
Veitur	0,15	0,14	0,28	0,22	0,39	0,21	0,26	0,08	0,15	0,27
HS Veitur	0,01	0,31	0,44	0,54	0,19	0,30	0,57	0,29	0,05	0,21
Orkubú Vestfjarða	0,55	0,95	1,56	1,54	1,41	0,81	0,54	0,55	1,47	0,79
Norðurorka	0,34	0,38	0,06	0,09	0,01	0,03	0,14	0,37	0,05	0,34

Á mynd 2. sést að RARIK í dreifbýli og Orkubú Vestfjarða eru yfirleitt með stærstu gildin á SRA stuðlinum. Oftast eru það dreifbýlisveiturnar sem eru með hátt SRA, það stafar af því að aftoppurinn er frekar lágur og við truflanir fer hlutfallslega hátt afl út.




**MYND 2** Stuðull um rofið álag, SRA, fyrir árin 2012-2021

**TAFLA 2** Stuðull um skerta orkuafhendingu, SSO árin 2012-2021 (MWklst./MWár)

VEITA	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Landsnet	2,67	0,27	0,33	0,48	0,08	0,66	0,03	1,85	0,35	0,15
RARIK	0,97	0,51	1,13	1,03	0,46	0,51	0,40	1,71	2,64	0,49
RARIK þéttibýli	0,25	0,22	0,91	0,35	0,14	0,22	0,21	0,69	0,74	0,31
RARIK dreifbýli	1,85	0,99	1,50	2,32	0,96	1,03	0,73	3,34	5,85	0,78
Veitur	0,15	0,08	0,19	0,21	0,24	0,22	0,40	0,07	0,11	0,37
HS Veitur	0,05	0,39	0,21	0,32	0,12	0,13	0,78	0,30	0,10	0,66
Orkubú Vestfjarða	2,95	2,92	3,57	3,31	1,26	1,08	1,31	1,27	1,81	1,17
Norðurorka	0,26	0,05	0,00	0,20	0,01	0,08	0,31	0,07	0,05	0,14

RARIK í dreifbýli og Orkubú Vestfjarða eru með hæstu gildin á árinu 2021. Þegar litið er á aðrar veitur sést að veitur í þéttibýli eru yfirleitt með gildi innan við 0,7 MWklst/MWár.




**MYND 3** Stuðull um skerta orkuafhendingu, SSO, fyrir árin 2012-2021


**TAFLA 3** Stuðull um meðalskerðingu álags, SMA árin 2012-2021 (MW/tilvik)

VEITA	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Landsnet	28,16	34,26	41,48	29,82	19,72	48,61	11,68	20,56	13,77	8,26
RARIK	0,29	0,20	0,28	0,30	0,21	0,23	0,23	0,25	0,23	0,28
RARIK þéttibýli	0,29	0,23	0,35	0,37	0,25	0,26	0,30	0,37	0,26	0,42
RARIK dreifbýli	0,29	0,19	0,26	0,28	0,20	0,23	0,20	0,21	0,22	0,21
Veitur	0,18	0,13	0,31	0,21	0,43	0,22	0,24	0,09	0,14	0,30
HS Veitur	0,02	1,12	1,55	0,92	0,55	0,54	0,69	0,34	0,07	0,28
Orkubú Vestfjarða	0,30	0,41	0,41	0,58	0,43	0,51	0,39	0,31	0,53	0,45
Norðurorka	1,00	1,69	0,59	0,47	0,03	0,10	0,81	1,08	0,27	1,20

Meðalskerðing álags er eðlilega langmest hjá Landsneti þar sem skerðingin þessi ár er á bilinu 8-49 MW/tilvik og er tíu ára meðaltal 25,6 MW/tilvik. Hjá öðrum veitum er skerðingin yfirleitt innan við 1,0 MW/tilvik og minnst að jafnaði hjá Veitum og RARIK dreifbýli en þar sem meðaltal síðustu 10 ára um 0,23 MW/tilvik, sjá mynd 5. HS Veitur er með stærstu skerðingartilvikin árið 2014 til 2017 en einnig stór tilvik árin 2011, 2013 og 2018 eins og fram kemur á myndinni og Norðurorka er með nokkuð stór skerðingartilvik árið 2013 og stærsta tilvik dreifiveitna á árunum 2018, 2019 og 2021.



**MYND 4** Stuðull um meðalskerðingu álags, SMA, fyrir árin 2012-2021




MYND 5 Stuðull um meðalskerðingu álags fyrir aðrar veitur en Landsnet, SMA, fyrir árin 2012-2021


TAFLA 4 Stuðull um meðallengd skerðingar, SMS, árin 2012-2021 (mín/ár)

VEITA	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Landsnet	180	18	23	25	5	42	2	89	12	3
RARIK	137	73	96	125	52	48	46	212	140	49
RARIK þéttbýli	24	23	62	41	15	15	21	59	51	30
RARIK dreifbýli	277	162	155	285	108	105	89	457	289	78
Veitur	15	7	19	20	23	21	38	7	11	33
HS Veitur	5	40	22	31	11	14	73	27	10	54
Orkubú Vestfjarða	285	108	367	309	108	93	42	123	169	91
Norðurorka	29	6	0	22	1	9	36	7	6	14

Ef alltaf væri miðað við að afl væri óbreytt allan skerðingartímann ætti meðallengd skerðingar (SMS) að gefa stuðul sem væri lægri en SSO stuðullinn sem nemur nýtingu aflsins. Þegar myndir 6 og 7 eru skoðaðar sést að í flestum tilvikum passar þetta nokkuð vel en þó skera Orkubú Vestfjarða, RARIK dreifbýli og Landsnet sig úr hvað þetta varðar væntanlega vegna þess að í löngum skerðingum er hægt að mæta hluta orkuskerðingarinnar með keyrslu díeselstöðva. Þessi stuðull ætti því að gefa betri mynd af lengd orkuskerðingar. Stuðullinn hefur verið að meðaltali um 200 mínútur síðustu tíu árin hjá RARIK dreifbýli en hæstur er hann árið 2019 eða rúmlega 7 klukkustundir og hjá Orkubú Vestfjarða hefur hann að meðaltali verið um 170 mínútur og langstærstur árið 2014 er hann var rúmlega 6 klukkustundir. Hjá þéttbýlisveitunum er þessi stuðull yfirleitt innan við 1 klukkustund.



**MYND 6** Stuðull um meðallengd skerðingar, oft nefnt straumleysismínútur, SMS, fyrir árin 2012-2021




**MYND 7** Stuðull um meðallengd skerðingar, oft nefnt straumleysismínútur, SMS, fyrir aðrar veitur en Orkubú Vestfjarða, RARIK dreifbýli og Landsnet, fyrir árin 2012-2021

**TAFLA 5** Fjöldi tilvika eftir alvarleika, tilvik flokkuð í fjóra flokka eftir kerfismínútum (0: < 1 KM/1: <10 KM/ 2: <100KM/ 3: <1000 KM)


VEITA	FL.	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
LANDSNET	0	42	26	38	37	33	27	18	20	33	27
	1	8	2	3	4	1	8	0	10	3	0
	2	4	1	0	0	0	0	0	2	0	0
	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
RARIK	0	582	506	564	588	507	485	498	483	549	461
	1	15	5	8	17	7	1	2	22	20	7
	2	0	0	0	0	0	0	0	3	0	0
	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
RARIK þéttbýli	0	112	116	137	135	109	127	146	124	126	111
	1	2	1	5	5	1	0	1	5	8	4
	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
RARIK dreifbýli	0	449	388	408	431	391	347	339	345	398	346
	1	32	6	22	34	13	12	14	28	35	7
	2	2	0	0	0	0	0	0	5	2	0
	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
VEITUR	0	170	226	183	211	182	192	209	170	212	168
	1	1	0	2	2	1	2	8	1	0	5
	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
HS VEITUR	0	42	27	29	69	40	66	96	84	84	86
	1	1	2	5	5	3	2	4	6	2	6
	2	0	1	0	0	0	0	1	0	0	1
	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
ORKUBÚ VESTFJARÐA	0	52	77	125	86	118	59	52	71	112	68
	1	16	21	27	26	17	11	9	7	15	12
	2	5	0	4	1	0	1	0	2	1	1
	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
NORDURORKA	0	4	6	3	3	5	7	2	8	3	6
	1	5	0	0	2	0	2	2	1	2	1
	2	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0

Fjöldi skerðingartilvika sem eru innan við 1 kerfismínúta er langmestur hjá RARIK og Veitum enda eru þau kerfi umfangsmest. RARIK dreifbýli á mun fleiri tilviki en RARIK þéttbýli. Eins og sést á mynd 8 er fjöldi tilvika nokkuð breytilegur milli ára. Þegar litið er á lengri tilvik verður breytileikinn á milli ára meiri eins og sést á myndum 9 og 10. Árið 2012 var voru alls 11 truflanir sem voru lengri en 10 kerfismínútur, árið 2013 eru þær tvær og fjórar árið 2014, aðeins ein 2015, en engin árin 2016 og ein árin 2017, tvær árið 2018 en árið 2019 skar sig nokkur úr en þá voru kerfismínútur lengri en 10 mínútur alls 9. Ekkert tilvik er það umfangsmikið á síðustu tíu árum að það fari yfir 100 kerfismínútur. Yfir lengra tímabil ætti fjöldi tilvika að aukast sérstaklega þau sem eru innan við 1 kerfismínúta, þar sem umfang kerfisins fer vaxandi en svo er ekki að sjá á þessum myndum.






**MYND 8** Fjöldi skerðingartilvika árin 2012-2021 sem eru innan við 1 kerfismínúta.



**MYND 9** Fjöldi skerðingartilvika árin 2012-2021 sem eru á bilinu 1 til 10 kerfismínútur.



**MYND 10** Fjöldi skerðingartilvika árin 2012-2021 sem eru á bilinu 10 til 100 kerfismínútur.


Næstu 3 stuðlar eru ekki reiknaðir fyrir Landsnet, þar sem viðskiptavinir Landsnets eru ekki einsleitir hópur og því gefur það ekki rétta mynd að reikna slíka stuðla fyrir þá.

**TAFLA 6** Stuðull um fjölda straumleysistilvika á hvern notanda, FSN (SAIFI), árin 2012-2021 (fjöldi/notanda)

VEITA	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
RARIK	1,40	0,82	1,24	1,29	0,83	0,84	0,76	0,91	0,96	0,92
RARIK þéttbýli	0,48	0,34	0,61	0,56	0,34	0,38	0,46	0,55	0,41	0,66
RARIK dreifbýli	2,54	1,68	2,32	2,69	1,58	1,65	1,27	1,48	1,89	1,32
Veitur	0,24	0,23	0,46	0,35	0,61	0,34	0,41	0,12	0,24	0,40
